Þjóðarpúls Gallup


September 2017

Stjórnarslit


Ákvörðun um stjórnarslit

Gallup kannaði hug þjóðarinnar til þeirrar ákvörðunar Bjartrar framtíðar að slíta ríkisstjórnarsamstarfi.

Rúmlega 62% þeirra sem taka afstöðu eru hlynnt ákvörðun Bjartrar framtíðar á meðan tæplega 29% eru andvíg henni. Nær 9% segjast hvorki hlynnt né andvíg ákvörðuninni.



Þeir sem eru undir fertugu eru að jafnaði hlynntari ákvörðuninni en þeir sem eldri eru. Einnig kemur fram munur eftir búsetu og tekjum svarenda, sem og því hvaða flokk þeir kysu ef kosið yrði til Alþingis í dag. Um 95% þeirra sem kysu Samfylkinguna eða Pírata eru hlynntir ákvörðuninni á meðan einn af hverjum tíu sem kysu Sjálfstæðisflokkinn er hlynntur henni.



*** Marktækur munur á milli hópa**

Þjóðarpúls Gallup


September 2017

Tilefni til stjórnarslita?

Landsmenn voru einnig spurðir um álit sitt á því hvort nýliðnir atburðir hefðu gefið tilefni til stjórnarslita.


Niðurstöðurnar eru svipaðar og við spurningunni á undan. Rúmlega 62% þeirra sem taka afstöðu eru sammála því að atburðirnir hafi gefið tilefni til stjórnarslita á meðan tæplega 32% eru ósammála því. Tæplega 6% segjast hvorki sammála né ósammála.

Ertu sammála eða ósammála því að nýliðnir atburðir hafi gefið tilefni til stjórnarslita?



Aftur telja þeir sem eru undir fertugu frekar að atburðirnir hafi gefið tilefni til stjórnarslita en þeir sem eldri eru, og munur kemur fram eftir tekjum svarenda sem og því hvaða flokk þeir kysu ef kosið yrði til Alþingis í dag. Nær 96% þeirra sem kysu Samfylkinguna eða Pírata eru sammála því að atburðirnir hafi gefið tilefni til stjórnarslita á meðan um einn af hverjum tíu sem kysu Sjálfstæðisflokkinn er sammála því.

Greiningar



*** Marktækur munur á milli hópa**


Þjóðarpúls Gallup

September 2017

Þingrof og kosningar


Í framhaldinu var fólk spurt um viðhorf sitt til þess að rjúfa þing og boða til kosninga.

Ríflega sjö af hverjum tíu voru hlynntir því að þing væri rofið og boðað til kosninga á meðan tveir af hverjum tíu voru því andvígir. Rúmlega 8% voru hvorki hlynnt né andvíg.



Höfuðborgarbúar eru aðeins hlynntari því en íbúar landsbyggðarinnar að boðað verði til kosninga og talsverður munur er á viðhorfi fólks eftir því hvaða flokk það kysi ef kosið yrði til Alþingis í dag. Hátt í 95% þeirra sem kysu Samfylkinguna eða Pírata eru hlynntir því á meðan fjórir af hverjum tíu sem kysu Sjálfstæðisflokkinn eru hlynntir því.

Ríflega 93% þeirra sem eru hlynntir ákvörðun Bjartrar framtíðar um stjórnarslit eru hlynnt því að boðað verði til kosninga en tæplega 32% þeirra sem eru andvíg stjórnarslitum. Svipuð hlutföll eru uppi á teningnum þegar greint er eftir viðhorfi fólks til þess hvort nýliðnir atburðir hafi gefið tilefni til stjórnarslita.



*** Marktækur munur á milli hópa**

Þjóðarpúls Gallup


September 2017

Ný ríkisstjórn

Loks var athugað hvaða flokkar fólk vildi að mynduðu stjórn ef ný ríkisstjórn væri mynduð í dag.

Flestir nefna Vinstri græn eða tæplega 57%. Þar á eftir koma Framsóknarflokkurinn með nær 35%, Samfylkingin með næstum 33%, Sjálfstæðisflokkurinn með rúmlega 31% og Píratar með rúm 30%.

Hvaða flokkar, tveir eða fleiri, myndir þú vilja að mynduðu nýja ríkisstjórn? - Þeir flokkar sem voru nefndir í einhverri samsetningu



Mikill munur er á því hvaða flokka fólk nefnir eftir því hvaða flokk það kysi ef kosið yrði til Alþingis í dag.

	VINSTRI GRÆN	FRAMSÓKNARFLOKKURINN	XS	D	P	BF	XF	
Heild	57%	35%	33%	31%	30%	26%	19%	19%
Það sem kosið yrði til Alþingis? *								
Framsóknarflokkurinn	28%	96%	16%	51%	5%	8%	22%	10%
Sjálfstæðisflokkurinn	18%	71%	3%	97%	1%		3%	18%
Flokkur fólksins	35%	28%	14%	6%	26%	18%	95%	6%
Píratar	69%	5%	59%	2%	96%	33%	12%	17%
Samfylkingin	80%	8%	94%	2%	49%	28%	12%	28%
Vinstri græn	98%	12%	40%	3%	37%	37%	10%	7%
Annar flokkur/listi	60%	7%	40%	11%	32%	79%	8%	58%
Skila auðu/Myndi ekki kjósa	51%	44%	39%	61%	8%	8%		24%
Óákveðin(n)	80%	20%	36%	35%	29%	20%	11%	24%


*** Marktækur munur**

Þjóðarpúls Gallup

September 2017

Mjög misjafnt er hvaða samsetningar fólk nefnir þegar það er spurt hvaða flokkar það vilji að myndi nýja ríkisstjórn. Það eru því tiltölulega fáir sem nefna hverja samsetningu. Þeir flokkar sem oftast eru nefndir saman eru Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur en 14% þeirra sem taka afstöðu nefna þá samsetningu.

Hvaða flokkar, tveir eða fleiri, myndir þú vilja að mynduðu nýja ríkisstjórn?



Spurt var:

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) þeirri ákvörðun stjórnar Bjartrar framtíðar að slíta ríkisstjórnarsamstarfi?

Ertu sammála eða ósammála því að nýliðnir atburðir hafi gefið tilefni til stjórnarslita?

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að þing verði rofið og boðað verði til kosninga á næstu mánuðum?

Ef mynduð yrði ný ríkisstjórn í dag, hvaða flokkar, tveir eða fleiri, myndir þú vilja að mynduðu ríkisstjórn?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem gerð var dagana 15. til 19. september 2017. Heildarúrtaksstærð var 1.413 og þátttökuhlutfall var 53,4%. Einstaklingar voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: *Gallup Álfheimar 74 104 Reykjavík Sími: 540 1200 Netfang: sigrun.drifa@gallup.is*

Umsjón með útgáfu: *Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.*

Ábyrgðarmaður: *Ólafur Elínarson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.*